Qualified Electronic Signature
SVERRIR AÐALSTEINN JÓNSSON
2023-09-06 09:49:40 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
AXEL BENEDIKTSSON
2023-09-06 13:43:06 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Kópavogsbær
Hildur Inga Rós Guðmundsdóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 5. september 2023
UST202307-303/A.B.
10.04.03

Efni: Breyting -Deiliskipulag - Brú yfir Fossvog – Kópavogsbær - Reykjavíkurborg

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogs og Reykjavíkur er barst 27. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu deiliskipulagi fyrir brú yfir Fossvog.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að í Kópavogi hefur *„planlega brúarinnar"* hliðrast um 12 m vestar og í Reykjavík hefur planlega brúarinnar hliðrast um 30 m austar. Einnig eru staðsetningar fyrir göngu- og hjólastíga og áningarstaði uppfærðir, deiliskipulagsmörkum er breytt á nokkrum stöðum, Afmörkun landfyllinga miðar við efri mörk þeirra eins og gert var í upphaflegu deiliskipulagi. Þar fyrir utan bætast við grjótgarðar með fláa en umfang þeirra fer eftir aðstæðum á sjávarbotni, háspennustrengur sem lá á milli Kópavogs og Reykjavíkur færður

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að stofnunin hefur veitt umsagnir varðandi verkefnið á fyrri skipulagsstigum[1][2][3] og vegna erindis Skipulagsstofnunar dags 24. janúar 2020 um hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.[4]

Landfylling og grjótvarnir

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í tillögunni hver er lengd grjótvarna, hver er stærð landfyllinga, hver er áætluð efnisþörf landfyllingar og hvaða efni á að nota.

Ef gert er ráð fyrir opinni landfyllingu er þá um að ræða varp í hafið samkvæmt 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að skv. OSPAR samningnum um verndun hafrýmis Norðaustur Atlantshafsins og 9. gr. laganna er varp efna og hluta í hafið óheimilt. Umhverfisstofnun getur, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, veitt leyfi til að

[1] https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Tillaga%20deiliskipulag%20Br%C3%BA%20yfir%20Fossvog.pdf
[2] https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Deiliskipulag%20-%20Br%C3%BA%20yfir%20Fossvog%20-%20Tillaga%20%C3%AD%20forkynningu.pdf
[3] https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Skipulagstillogur/Kopavogur_150118.pdf
[4] https://ust.is/library/Skrar/Umsagnir/Mat-a-umhverfisahrifum/Mat_%c3%a1_umhverfis%c3%a1hrifum_-_Matsskyldufyrirspurn_-_Landfylling_og_br%c3%ba_yfir_Fossvog.pdf

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

UMHVERFIS STOFNUN

eftirtöldum efnum og hlutum sé varpað í hafið:

a. dýpkunarefnum,

b. náttúrulegum, óvirkum efnum, þ.e. föstum jarðefnum sem ekki hafa verið unnin efnafræðilega og samsett eru úr efnum sem ólíklegt er að losni út í hafsvæðið,

c. fiskúrgangi frá fiskverkunarstöðvum í landi, enda standi sérstaklega á.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að með umsókn um varp í hafið þurfa að berast stofnunni upplýsingar samkvæmt viðauka I við leiðbeinandi reglur um meðferð dýpkunarefnis.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur
Sverrir Aðalsteinn Jónsson
teymisstjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026